

6. júní 2024

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna framhalds á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, mál nr. 1130.**

Hinn 4. júní sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn um 1130. mál, breyting á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Markmið frumvarpsins er að breyta þrennum lögum sem fela í sér stuðningsaðgerðir sem ætlað er að mæta vanda heimila og rekstraraðila í Grindavíkurbæ vegna náttúruhamfaranna á Reykjanesi. Úrræði er frumvarpið nær til fela í sér breytingar á lögum um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 15/2024, lög um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 94/2023 og lög um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ nr. 87/2023. Með frumvarpinu er lagt til að styðja áfram við atvinnurekendur í Grindavík og síðan heimili er þurfa að leigja húsnæði utan Grindavíkur til búsetu.

Athygli vekur að frumvarpið nær ekki utan um þann hóp einstaklinga er eiga íbúðarhúsnæði í Grindavík en flokkast hvorki sem atvinnurekstur né húsnæði þar sem einstaklingurinn/fjölskyldan hefur lögheimili. Lítur því út fyrir að hér sé hópur einstaklinga sem mun falla milli skips og bryggju. Fyrir í vetur voru samþykkt á Alþingi lög um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík, lög nr. 16/2024. Fram kom í ræðum á Alþingi og umræðum í efnahags- og viðskiptanefnd að það frumvarp væri byrjun en áfram yrði unnið að því að mæta þörfum einstaklinga og atvinnurekenda er þessi lög myndi ekki ná til. Það vekur því furðu að enn og aftur eru einstaklingar sem eiga meira en eitt íbúðarhúsnæði í Grindavík skilin út undan í aðgerðum Alþingis til stuðnings Grindvíkingum.

**Undirrituð leggur því til að allt að þrjú íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga falli undir lög um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík.** Rökstuðningur fyrir því er sá að markmið laga um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík er að verja fjárhag og velferð íbúa í Grindavíkurbæ í ljósi óvissuástands vegna jarðhræringa. Kom síðan fram í ræðu Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, fjármála- og efnahagsráðherra þegar frumvarpið var lagt fram á þingi að þessu frumvarpi væri ætlað að mæta einstaklingum og síðar kæmi inn á þing aðgerðir til stuðnings lögaðilum og fyrirtækjum. Þrátt fyrir það er ljóst að þetta frumvarp nær ekki til allra einstaklinga m.a. vegna kvaða um lögheimili í tilteknu húsnæði og þar af leiðandi er almennt eingöngu hægt að fá greitt út eitt íbúðarhúsnæði.

Vakin er athygli á því að löggjafinn hefur markvisst hvatt til þess að einstaklingar fjárfesti í íbúðarhúsnæði til útleigu til að fjölga leiguhúsnæði á markaði. Samkvæmt skattalögum geta einstaklingar **átt allt að tvær íbúðir til útleigu án þess að slíkt teljist atvinnurekstur.** Vekur því mikla furðu að einstaklingar sem eiga eitt til tvö íbúðarhúsnæði aukalega fyrir utan lögheimilis-íbúðarhúsnæði gefst ekki kostur á uppkaupum samkvæmt frumvarpinu nema fyrir lögheimilis-íbúðarhúsnæði. Það þýðir að fyrir þennan hóp er markmiðum frumvarpsins ekki náð þar sem umræddir aðilar munu þurfa að standa undir kostnaði við eitt til tvö íbúðarhúsnæði í Grindavík, s.s. lán og fl. en geta ekki fengið tekjur á móti í formi leigu eða selja húsnæðið. Þessi hópur mun því eiga íbúðarhúsnæði

í Grindavík, ónothæfar til búsetu, leigu eða sölu, en á sama tíma þurfa greiða af þeim sem getur leitt til persónulegs gjaldsprotts þessara einstaklinga. Er því ekki hægt að líkja aðstæðum þessa einstaklinga til jafns við atvinnurekstur sem almennt er rekin í gegnum sérstök félög og leiða þá ekki til persónulegs gjaldþrots. Á sama tíma geta þessir aðilar ekki heldur nýtt sér stuðningsaðgerðir fyrir atvinnurekstur í Grindavík þar sem þetta telst ekki atvinnurekstur samkvæmt skattalögum. Það er því stór munur á lögaðilum og þessum einstaklingum þar sem persónulegt gjaldþrot getur verið í húfi. Hér er um að ræða fólk á öllum aldri og þar á meðal ellilífeyrisþega og ungt fólk sem ekki má við slíkum fjárhagslegum skakkaföllum. Á sama tíma er ljóst að þetta eru ekki lögaðilar né einstaklingar í atvinnurekstri og því ekki fyrirséð að þessi hópur muni falla undir áætlaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar um stuðning við fyrirtæki og lögaðila. Enn og aftur er því Alþingi að undanskilja þennan hóp frá stuðningsaðgerðum við Grindvíkinga sem mun hafa alvarlegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir umrædda einstaklinga.

*Lagt er til að nefndin leggi fram breytingu á lögum um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík þannig að einstaklingar geti fengið allt að þrjú íbúðarhúsnæði keypt út í samræmi við markmið laganna og skilgreiningar skattalaga um að útleiga á slíkum fjölda eigna flokkist ekki sem atvinnurekstur. Til vara er farið fram á að nefndin taki skýrt fram að eignir þessara einstaklinga muni falla undir væntanlegar aðgerðir til stuðnings lögaðila og fyrirtækja í Grindavík til að tryggja sé að þessar eignir og þessi hópur falli ekki milli skips og bryggju og falli ekki undir stuðning til einstaklinga né stuðnings til lögaðila/atvinnurekstrar með tilheyrandi hættu á persónulegu gjaldþroti.*

## **Að lokum**

Undirrituð vill einnig taka undir umsögn Verkalýðsfélags Grindavíkur enda mikilvægt að styðja enn betur fjárhagslega við íbúa Grindavíkur sem hafa þurft að taka upp búsetu utan Grindavíkur með tilheyrandi kostnaði. Einnig er tekið undir umsögn Bennýjar Ósk Harðardóttur um mikilvægi aukins stuðnings við fyrirtæki.

Að lokum er þakkað fyrir það tækifæri að geta sent inn umsögn við frumvarpið og þann stuðning er ríkisstjórnin hefur sýnt Grindvíkingum á þessum tíma.

Virðingarfyllst,

Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm